



## Tillaga til bæjarráðs Mosfellsbæjar

**Efni:** Stjórnsýslu- og rekstrarúttekt

**Dags:** 28. nóvember 2022

**Málsnúmer:** 202210483

**Starfsmaður:** Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri.

---

### Tillaga:

Lagt til að bæjarráð veiti bæjarstjóra heimild til þess að hefja viðræður við Strategíu um stjórnsýslu- og rekstrarúttekt hjá Mosfellsbæ á grundvelli verkefnistillögu þeirra.

### Greinargerð:

Á 1554. fundi bæjarráðs þann 27. október var samþykkt að ráðast í gerð stjórnsýslu- og rekstrarúttektar hjá Mosfellsbæ.

Tilgangur úttektarinnar er að fá fram mat á núverandi stöðu sveitarfélagsins og leiða fram hvernig stjórnsýsla Mosfellsbæjar virkar í dag gagnvart íbúum, stofnunum bæjarins, hagsmunaaðilum, kjörnum fulltrúum og starfsmönnum. Jafnframt að setja fram á grunni stöðumatsins tillögur að umbótum sem eru til þess fallnar að efla starfsemi bæjarins. Loks þarf úttektin að leiða fram helstu áhættur í rekstri Mosfellsbæjar og mat á fjárfestingagetu sveitarfélagsins til skemmri og lengri tíma.

Markmið úttektarinnar er:

- Að vinna stöðumat á starfsemi stjórnsýslu Mosfellsbæjar þar sem fram komi mat á styrkleikum og veikleikum í stjórnsýslu, þjónustu, verkaskiptingu, verkferlum og samstarfi.
- Að leggja mat á stöðu sveitarfélagsins á sviði stafrænna lausna og kortleggja helstu tækifæri til umbóta.
- Að greina rekstur bæjarins og ráðstöfun fjármuna og vinna samanburð við sambærileg sveitarfélög.
- Að leggja mat á hvort unnt sé að efla starfsemina með breytingum á stjórnsýslu og rekstri og sé það niðurstaðan að setja fram beinar tillögur þar um.

Í samræmi við tillöguna var leitað til þriggja ráðgjafafyrirtækja sem eru Arcur, Strategía og Intellecta. Veittur var frestur til að skila inn verkefnistillögum til 15. nóvember og skiluðu Arcur og Strategía inn verkefnistillögum.

Í samræmi við tillöguna var við mat á tillögum ráðgjafa vægi þátta þannig að tillaga að úrlausn vóg 50%, reynsla þess ráðgjafahóps sem boðin er í verkið vóg 25% og verðtilboð vóg 25%.

Heildstætt mat leiddi fram að þegar litið var til úrlausna og reynslu ráðgjafahópanna sem boðnir voru þá var jafnt á með fyrirtækjunum tveimur en nokkur munur er hins vegar á verðtilboðunum þar sem tilboð Strategíu var nokkuð lægra. Með vísan til þess er



MOSFELLSBÆR  
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

lagt til að bæjarráð veiti bærstjóra heimild til þess að hefja viðræður við Strategíu um stjórnslu- og rekstrarúttekt hjá Mosfellsbæ á grundvelli verkefnistillögu þeirra.

**Virðingarfyllst,**

Regína Ásvaldsdóttir,  
bærstjóri